

Viðbótarfyrirmæli 2013

KSÍ hefur ákveðið neðangreint verklag varðandi ákvæði sem gilda um meðferð meiddra leikmanna.

Meðferð meiddra leikmanna

Þegar leikmenn verða fyrir meiðslum, skal dómariinn ætíð hafa öryggi þeirra í fyrirrúmi. Að fengnu leyfi dómarsins er 1-2 læknum og/eða sjúkraþjálfurum viðkomandi liðs heimilt að koma inn á völlinn til þess eins að meta meiðsli leikmanns, enda séu þeir merktir sem sláir á leikskýrslu. Meðhöndlun meiðsla fer ekki fram á leikvelli nema í undantekningartilfellum (sjá neðangreint). Viðkomandi aðili skal einungis sinna meiðslum leikmanns en alls ekki ræða atvik leiksins við dómara, stofna til fundarhalda með leikmönnum eða sinna öðrum erindum. Í því tilfalli ef ekki er sjúkramenntaður aðili á leikskýrslu viðkomandi liðs er einum forráðamanni heimilt að koma inn á völlinn til þess að sinna störfum hans.

Ef forráðamenn liða fara ekki að þessum fyrirmælum ber að líta á það sem óíþróttamannslega framkomu og áminna viðkomandi.

Í Pepsi-deild karla, 1. deild karla og Bikarkeppni KSÍ (frá 32 liða úrslitum karla) fær meiddur leikmaður ekki meðferð á leikvelli og skal hann skilyrðislaust fara út fyrir leikvöll til meðferðar. Undantekning skal þó gerð, þegar markvörður á í hlut eða dómari telur að meiðsli séu alvarleg, t.d. höfuðmeiðsli. Einnig ef tveir leikmenn sama liðs meiðast í samstuði hvor við annan þurfa þeir ekki að yfirgefa leikvöllinn til þess að fá meðhöndlun meiðsla sinna.

Dómari kannar hvort leikmaður geti farið sjálfur af leikvelli, en lætur ella bera hann út á sjúkrabörum.

Í öðrum leikjum í meistaraflokki karla og kvenna og í 2. aldursflokki er hins vegar leyfð stutt meðferð á leikvelli, en leikmaður skal að henni lokinni fara út fyrir leikvöll.

Að öðru leyti er bent á ákvæði um meðferð meiddra leikmanna sem er að finna í ritinu Túlkun knattspyrnulaganna og leiðbeiningar til dómara á bls. 71.